

Fimmtudaginn 16.mars 2023 var haldinn fundur siðanefndar HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 8/2023.

HRFÍ

gegn

xxx

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (HRFÍ) sem barst siðanefnd þann 5.desember 2022 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að gögn benda til þess að kærða hafi gerst brotleg við reglur um ættbókarskráningu. Við skráningu á hvolpum fæddum 01.06.2022 kom í ljós að hvorki xxx né xxx voru með gilt hnéskeljavottorð fyrir pörun.Eigandi rakkans er xx en eigandi tíkarinnar og ræktandi gotsins er xxx.

Í reglum um ættbókarskráningu kemur fram að YORKSHIRE TERRIER undaneldisdýr skulu hafa gilt augnvottorð og vera DNA prófuð vegna prcd PRA. Undaneldisdýr skulu hafa gilt hnéskeljavottorð. Lágmarksaldur tíka við pörun er 20 mánaða.

Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 25.janúar 2023 og henni gefin fjögurra vikna andmælafrestur. Engin andmæli bárust frá kærðu. Siðanefnd tók málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu í málinu.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni

Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum félagsmanna HRFÍ með því að hafa parað xxx án þess að hafa gilt hnéskeljavottorð.

III. Forsendur

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og nota aðeins til ræktunar viðurkennda hunda og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi kyn.

IV. Niðurstaða

Kærða telst hafa gerst brotleg við 2.4 gr. grundvallarreglna fyrir félagsmenn HRFÍ.

Kærða hlýtur áminningu.

f.h. siðanefndar

Arnheiður Runólfsdóttir

Sunna Birna Helgadóttir

Selma Olsen